



5. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 7. mars 2018 kl. 18:15.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Hjalti Þorvarðarson (HP), Sverrir Einarsson (SE), Viktor S. Pálsson (VSP), Ingibjörg Garðarsdóttir (IG), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson (ÞRÁ), Birgir Júlíus Sigursteinsson (BJS), Jón Steindór Sveinsson (JSS) og Guðmundur Pálsson (GP). Auk þess sat fundinn Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Forföll boðuðu: Jóhann Helgi Konráðsson, Guðmundur Gústafsson og Ófeigur Ágúst Leifsson.

Fjarverandi var: Árni Steinarsson.

1. Fundargerð aðalstjórnar

- 4. fundargerð aðalstjórnar frá 10. janúar 2018 staðfest.
 - Rætt um stöðu á búningamálum.

2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 5. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 7. febrúar 2018 til umræðu.
 - Rætt um bókun bæjarráðs Árborgar.

3. Fundargerð vallarstjórnar

- Fundargerð vorfundar vallarstjórnar frá 27. febrúar 2018 til kynningar.

4. Fundargerðir aðalfunda deilda

- Fundargerðir aðalfunda deilda fyrir árið 2017 lagðar fram til kynningar.

5. Ársreikningur 2017

- Ársreikningur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss fyrir árið 2017 samþykktur.
 - Sú breyting gerð frá fyrra ári að afrekssjóður 2017 var bókaður á sama ár sem skýrir mun í rekstrargjöldum.
 - GJ gerði grein fyrir að heimild til að nýta lottótekjur í útgáfu á Braga voru ónýtt á árinu 2017.

6. Fjárhagsáætlun 2018

- a. Fjárhagsáætlun framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss fyrir árið 2018 samþykkt.
 - Auknar tekjur vegna nýs þjónustusamnings og hækkunar á fristundastyrk Sveitarfélagsins Árborgar.
 - Styrkur frá Evrópu unga fólksins áætlaður á móti kostnaði við samstarfsverkefnið.

7. Undirbúningur aðalfundar

- Tillögur til aðalfundar.
 - Framkvæmdastjóra falið að skoða lög íþróttahreyfingarinnar er varða hlutverk nefnda innan íþrótt- og ungmennafélaga.
 - Tillögur samþykktar samhljóða.
- Tillögur að lagabreytingum samþykktar af aðalstjórn.
 - Engar tillögu voru lagðar fram.
- Endurskoðun reglugerða.
 - GKJ opnaði á umræðuna á tillögu framkvæmdastjórnar að reglugerð um rekstrarstyrk vegna starfsmanna deilda.
 - JSS telur ekki hægt að láta rekstrarsamninga draga úr vægi úthlutunar, ekki eðlilegt að deilda jafnt á allar deildir. Spyr hvers vegna ekki sé deilt út strax frá áramótum.
 - IG telur ekki sanngjarnt að styrk sé úthlutað jafnt á deildir þannig sé óeðlilegt að úthluta meira til einstakra deilda en þörf er á.
 - HSH er sammála að skipta ekki jafnt heldur miða við rekstur og umfang hverrar deildar. Skoða þarf hvernig þetta er núna til að meta kostnað hverrar deildar en huga að því að reglugerðin þarf að vera lifandi plagg. Telur starf sjálfbóðaliða eins og gjaldkera vera að líða undir lok.
 - GJ fór yfir uppruna þess hvers vegna þessi hækkun í þjónustusamningi var sóttur og úthlutun áætluð.
 - HSH í upphafi hugsað til þess að deild gæti ráðið sér starfsmann en sérhæfinga er svo mikil að fjölmennari deildir þurfa starfsmann.
 - SE í raun hefur handknattleiksdeild verið með sjálfbóðaliða sem sinna hlutverki starfsmanna um langa hríð til að reka deildina.
 - ÞRÁ forsenda þess að ráða starfsmann er að reglugerðin verði klár.
 - HSH mikilvægt að reglurnar haldi yfir áramót.
 - VSP eðlilegt að miða að við að greiða frá þeirri dagsetningu sem reglugerð er samþykkt. Einnig þarf að liggja fyrir hvaða deildir eru með starfsmann.
 - HSH leggur til að kallað verði eftir ráðningarsamningum og út frá því verði deilt út miða við starfshlutfall.
 - JSS vill miða við umfang hjá hverri deild.

- GKJ eins og staðan er í dag eru fjórar deildir með starfsmann en í framhaldi muni fámennari deildir fá þjónustu framkvæmdastjóra félagsins. Mikilvægt að ramma inn til a.m.k. tveggja ára.
- HSH fámennari deildir sækja aukna þjónustu hjá sameiginlegu verkefni framkvæmdastjóra.
- BJS finnst að styrkur eigi að fara í allar deildir þ.e. að möguleiki verði að allar deildir ráði sér starfsmann.
- GKJ leggur til að vísa málinu til stjórna deilda sem skila skriflegum tillögum til framkvæmdastjórnar. Málinu vísað til afgreiðslu á næsta fundi aðalstjórnar.

8. Sjóðir á vegum íþróttahreyfingarinnar

- Minnt á að sækja um í sjóði á vegum íþróttahreyfingarinnar en umsóknarfrestur rennur út um næstkomandi mánaðarmót.
 - Verkefnasjóður HSK
 - Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ
 - Umhverfissjóður UMFÍ (15. apríl)

9. Bréf til félagsins - skáknefnd

- HSH er rétt að stofna nefnd um íþrótt sem þegar er stunduð á félagssvæði Umf. Selfoss.
- Framkvæmdastjóra veitt heimild til að fara í viðræður um stofnun skáknefndar Umf. Selfoss að höfðu samráði við Skákfélag Selfoss og nágrennis.

Fundi slitið klukkan 19:58.